

**Fundargerð**  
**358. fundar framkvæmdastjórnar Sjúkraliðafélags Íslands,**  
**haldinn 3. október 2018, kl. 15.30 að Grensásvegi 16.**

**Fundinn sátu:**

Sandra B Franks, formaður  
Kristín Ólafsdóttir, varaformaður  
Jóhanna Traustadóttir, ritari  
Jóna Jóhanna Sveinsdóttir, gjaldkeri

**Fundarritun:**

Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri SLFÍ

**Dagskrá**

1. Fundur settur
2. Fundargerð síðasta fundar
3. Niðurstaða spurningakönnunar um ímynd og líðan sjúkraliða
4. Niðurstaða hópstarfs á Trúnaðarmannaráðsfundinum 27. september 2018, um áherslur SLFÍ í kjarasamningum
  - Umræða um fundinn
  - Stytting vinnuvikunnar
  - Stytting vinnuviku vaktavinnufólks
  - Snemmbær lífeyristaka
  - Hækkun persónuafsláttar
  - Hækkun vaxta- og barnabóta
  - Annað
5. Umræður kjaramálanefndar á fundi 27. september
  - Námsstefna í samningagerð 5. – 7. nóvember
6. Vefsíða, þarfagreining og fyrirhuguð uppfærsla síðunnar

**Önnur mál**

**Fundargerð**

**1. Fundur settur**

Sandra B Franks (SBF) formaður Sjúkraliðafélags Íslands (SLFÍ) setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fund framkvæmdastjórnar.

**2. Fundargerð síðasta fundar**

Jóhanna Traustadóttir (JT) ritari SLFÍ gerði grein fyrir að síðasta fundargerð væri samþykkt og komin á netið.

**3. Niðurstaða spurningakönnunar um ímynd og líðan sjúkraliða**

SBF fór yfir og sýndi helstu niðurstöður úr spurningakönnun á meðal félagsmanna SLFÍ, sem fram fór dagana 21. september til 1. október. Þátttaka var frekar góð eða 1247 sjúkraliðar sem luku við könnunina eða um tæp 60% starfandi sjúkraliða. Helstu niðurstöður eru þær að sjúkraliðar almennt virðast frekar sáttir í störfum sínum og stoltir, stunda íþróttir af kappi og nota heimasíðu félagsins töluvert. Niðurstöður verða

kynntar nánar í næsta blaði Sjúkraliðans. SBF fór einnig yfir helstu skriflegu áherslur/athugasemdir sjúkraliða í könnuninni.

#### **4. Niðurstaða hópastarfs á fundi trúnaðarmannaráðs SLFÍ 27. september 2018, um helstu áherslur félagsins í komandi kjarasamningum**

SBF gerði grein fyrir helstu niðurstöðum/áherslum vinnuhópanna á fundi trúnaðarmannaráðs SLFÍ, þ.s. rædd voru neðantalin efni. Fram kom að fundurinn hafi gengið mjög vel og að mjög vel hafi verið mætt eins og alltaf. Einnig var rætt um þörf á að trúnaðarmenn hittist í febrúar til að stilla nánar saman strengi sína fyrir þá komandi kjaraviðræður.

- Stytting vinnuvikunnar
- Stytting vinnuviku vaktavinnufólks
- Snemmbær lífeyristaka
- Hækkun persónuafsláttar
- Hækkun vaxta- og barnabóta
- Annað

#### **5. Umræður kjaramálanefndar á fundi 27. september 2018**

Farið var yfir umræðuna í hópnum, en þar var rætt um helstu áherslur í komandi kjarasamningum og hópurinn kynnti sig og síðan var rætt um fyrirhugaða námsstefnu um samningagerð í Borgarnesi.

#### **6. Vefsíða, þarfagreining og fyrirhuguð uppfærsla síðunnar**

SBF gerði grein fyrir að hún hafi haft samband við nemendur Sigurjóns sérfræðings hjá Fúnksjón og óskað eftir að þeir taki að sér þarfagreiningu, en svar hefur ekki borist frá þeim.

### **Önnur mál**

#### **• Tilboð og undirbúningur vegna 24. og 25. október**

GÖG fór yfir að félaginu stæði til boða tjald sem er 5 x 10 m á mun betra verði en hitt. Í framhaldi af umræðu var ákveðið að sleppa tjaldinu.

Kristín Á er klár í þann 24. október í kveðjuhófið með lífeyrisdeildinni. Lára Hrönn er laus báða dagana og með aðstoðarfólk og getur græjað veitingar ef óskað er.

Jóna Jóhanna verður í sambandi við Láru Hrönn varðandi matinn. GÖG athugar hvort hægt sé að fá lánuð glös hjá BSRB. GÖG sér um boðsbréf á gesti þann 25. okt.

- SBF gerði grein fyrir Ögmundur Jónasson verði með kynningu á helstu atriðum varðandi lífeyrismál og réttindi fyrir starfsmenn á skrifstofu SLFÍ.
- SBF fór yfir að fundur hafi verið 2. október með fulltrúum fjármálaráðuneytisins vegna Bókunar 8 og fór yfir tillögu frá ráðuneytinu um að til verði svokallað fræðslusetur SLFÍ. Þessi sjóður muni m.a. styrkja fagraðið og fræðsluleiðir sjúkraliða.

Fundi slitið kl. 17.00